

# Umsókn um starf í vinnuskóla Fjarðabyggðar 2014



Nafn		Kennitala	
Heimili		Sími	GSM
Skóli			
Banki:	Höfuðbók:	Reikningsnúmer:	
ATH. Áríðandi er að bankareikningur barns sé skráður á umsóknina áður en hún er send inn til Fjarðabyggðar. Óheimilt er að nota bankareikninga foreldra/forráðamanna.			

*Aðrar upplýsingar*

**Staðfesting foreldra/forráðamanna**  
 Undirrituð(aður) staðfestir hér með að hafa kynnt sér **reglur** og starfsáætlun Vinnuskóla Fjarðabyggðar og mun styðja umsækjanda í því að **uppfylla starfsreglur** skólans. Jafnframt staðfestast ofangreindar upplýsingar um bankareikninga.

Undirskrift	Kennitala	Vinnusími
Undirskrift	Kennitala	Vinnusími

Ég undirrituð (aður) staðfesti hér með að hafa kynnt mér neðangreindar upplýsingar varðandi starfsemi Vinnuskóla Fjarðabyggðar og mun leitast við að uppfylla starfsreglur skólans.

Dagsetning \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ 2014 \_\_\_\_\_  
 Undirskrift umsækjanda

Umsóknum skal skila í þjónustugátt í viðkomandi byggðarkjarna fyrir **1. maí**.

Vinnuskólinn tekur til starfa fimmtudaginn **5. júní** og stendur vinnutímabilið til föstudagsins **15. ágúst** eða í 10 vikur samtals.

14 ára, þeim sem fædd eru árið **2000** stendur til boða 4ra vikna vinna innan vinnutímabilsins,  
 15 ára, þeim sem fædd eru árið **1999** stendur til boða 6 vikna vinna innan vinnutímabilsins og er fyrsta vikan, **dagarnir 5. – 12. júní verknámsvika í Verkmenntaskóla Austurlands**,  
 16 ára, þeim sem fædd eru árið **1998** stendur til boða 8 vikna vinna innan vinnutímabilsins.

Daglegur vinnutími er frá kl. 8-12 eða 13-17 hjá þeim sem fædd eru árin **1999** og **2000**.  
 Daglegur vinnutími er frá kl. 8-17 hjá þeim sem fædd eru árið **1998**.

Mæting er kl. 13 fyrsta vinnudag í bækistöð vinnuskólans á hverjum stað.

Ég óska eftir eftirfarandi vinnuvikum og vinnutíma: ( Merkið með X í reitinn, reynt verður að fara eftir óskum allra)

<b>5.júní-6.júní</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>	<b>9.júní-13.júní</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>	<b>16.júní-20.júní</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>
<b>23.júní-27.júní</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>	<b>30.júní-04.júlí</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>	<b>7.júlí-11.júlí</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>
<b>14.júlí-18.júlí</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>	<b>21.júlí-25.júlí</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>	<b>28.júlí-1.ágúst</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>
<b>4.ágúst-8.ágúst</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>	<b>11.ágúst-15.ágúst</b>	8-12 <input type="checkbox"/>	13-17 <input type="checkbox"/>			

Reglur vinnuskólans eru á bakhlið skráningarblaðs. ATH ekki verður greitt fyrir frídaginn 4.ágúst.

## Skipulag starfsins

Vinnuskóli Fjarðabyggðar heyrir undir Framkvæmdasvið. Dagleg stjórn skólans er í höndum bæjarverkstjóra, yfirflokksstjóra og flokksstjóra. Vinnuskólinn sér um snyrtingu og fegurin inni í bænum. Unnið er mánudaga – föstudaga, frá kl. 8<sup>00</sup> – 12<sup>00</sup> og/eða 13<sup>00</sup>-17<sup>00</sup>.

## Reglur vinnuskóla Fjarðabyggðar:

- Mætingar:** Mæta skal stundvíslega og vera tilbúinn til að hefja verk á tilsettum tíma. Pásur og kaffitímar eru eftir samkomulagi flokksstjóra og nemenda. Vegalengdir eru ekki afsökun fyrir óstundvísi.
- Nemendur virði** skoðanir og persónur og sýni kurteisi í samskiptum við stjórnendur skólans, bæjarbúa og aðra nemendur. Allir geta gert mistök! **ÞAÐ Á VIÐ UM NEMENDUR, FLOKKSTJÓRA OG YFIRMENN!**
- Klæðnaður.** Hver einstaklingur ber ábyrgð á að hafa með sér til vinnu, þann hlífðarfatnað og nesti sem hann kann að þurfa fyrir hvert vinnutímabil til að geta haldið áfram að vinna þótt eitthvað sé að veðri. Klæðnaður nemenda og flokksstjóra skal vera í samræmi við veður og vinnuáðstæður. Laun eru ekki greidd fyrir þann tíma sem fer í að ná í fatnað, nesti eða annað sem gleymst hefur.
- Vinna skal öll verk** eins vel og framast er kostur! **ÞAU HAFU ÖLL TILGANG!**
- Aldur vinnufélaga skiptir ekki máli.** Við vinnum með öðrum en vinum okkar.
- Notkun tóbaks** og annarra vímuefna er bönnuð í vinnuskóla á vinnutíma.
- Sjoppuráp er bannað.**
- Allir gangi vel um verkfæri og tæki.** **ÞAU ERU OKKAR EIGN!** Andvirði áhalda sem skemmd eru eða eyðilögð af ásettu ráði verður dregið af launum viðkomandi.
- Foreldrar láti vita um forföll vegna veikinda.**
- Biðja verður flokksstjóra eða yfirflokksstjóra um frí.**
- Notkun farsíma á vinnutíma eru bönnuð.**
- Að öðru leyti skal farið eftir þeim reglum sem almennt gilda á vinnumarkaði.

## Fjarvistir og viðurlög:

Flokksstjórum er heimilt að vísa nemendum heim úr skólanum og eru þeir þá launalausir á meðan.

## Viðurlög við brotum á reglum um:

### **Reykingar/efnanotkun:**

Áminning við fyrsta brot  
Hringt heim til foreldra við annað brot  
Brottrekstur úr skóla við þriðja brot

### **Sjoppuráp:**

Áminning við fyrsta og annað brot  
Hringt heim til foreldra við þriðja brot  
Brottrekstur úr skóla við fjórða brot

### **Leti og óhlýðni:**

Áminning við fyrsta og annað brot.  
Hringt heim til foreldra við þriðja brot  
Brottrekstur úr skóla við fjórða brot.

### **Óstundvísi:**

Áminning við fyrsta og annað brot.  
Hringt heim til foreldra við þriðja brot  
Brottrekstur úr skóla við fjórða brot.

## Annað:

- I. Fari unglingur ekki að tilmælum flokksstjóra eða sættir sig ekki við þær starfs- og umgengisreglur sem gilda í vinnuskólanum, verður honum gefið tækifæri til að bæta sig. Beri það ekki árangur er hann sendur heim launalaust.
- II. Forföll vegna veikinda eru greidd í allt að 8 klst á mánuði sem nemandi hefði annars átt að vera við vinnu (2 daga eða 16 klst m.v. fulla vinnu).
- III. Vinnuskóli heyrir undir bæjarverkstjóra og er hann næsti yfirmaður flokksstjóra.